



AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Apríl 2005

3. tbl. 12. árg.

Munið hreinsunarhelgi
Hlíðarvatns
23. og 24. apríl

Takið
Eintak



Ingimundur

Hvað eiga þessir þrír herra-
menn sameiginlegt
annað en ódrepanði
áhuga á stangaveiði ?

Nánar um það á bls: 10



Eiríkur



Stefán Jón

Meðal efnis:

Formaðurinn

- Pistill formannsins

Veiðisögur

- Þær verða að fljóta með

Gamalt & Gott

- Úr gömlum dagbókum félagsins

Unglinga- & Vetarstarf

- Hvað er framundan og hvað hefur verið að gerast

Lokahófið ..

- Hvar verður þú það kvöld?

Formaðurinn

Heilir og sælir félagar;


Vorið er á næsta leyti og margir félagar efalaust þegar farnir í fyrstu veiðiferð ársins þegar þetta birtist. Kannski er kasthendin ofurlítið stíð eftir vetrarhvíldina en víst er að tilhlökkunin fyrir fyrsta túr sumarsins er alltaf dálítið sérstök, svona eins og að fá langþráð frelsi.

Kleifarvatn er málið í ár, við í stjórn erum þess fullvissir að vatnið kemur vel undan vetri. Í fyrra veiddist ágætlega og nokkrir boltafiskar komu á land. Nú hefur hækkað verulega í vatninu og engin spurning að stunda það vel í vor, best í ljósaskiptunum á morgnana.

Nú fer **Vetrarstarfinu** að ljúka og þökkalega hefur verið mætt í vetur. Víst er að mörg lítil félög væru fullsæmd af þeirri mætingu. En við viljum gjarnan vera fremstir meðal jafningja og hvetjum því menn til að sinna vetrarstarfinu og mæta á hnýtingar og fyrirlestra. Hvar eru börn / barnabörn félagsmanna? Við erum líklega eitt af fáum félagslegum fyrirbærum sem bjóða ókeypis ungliðastarf, en hvar eru krakkarnir?? Jú jú það hafa mætt krakkar í vetur, en ekki mörg sem tengjast beint félögunum í fullorðinsdeildinni. Hvernig væri nú að taka krakkana með í veiði í sumar og láta svo unglingsdeild **SVH** virkja þau ennfrekar næsta vetur? Bæði stelpur og stráka.

Talandi um stelpur, hví sjáum við ekki fleiri konur í félagsstarfinu?? Ég held að það væri bara hollt fyrir okkur kallana að fá fleiri virkar stelpur með á bátinn. Konur eru hér með hvattar til að mæta vel á **KVÖLDIÐ FYRIR SUMARDAGINN FYRSTA** og gefa svo kost á sér í frekari félagsmál, s.s. kvennadeild/

klíku, bjóða sig fram í nefndir eða stjórn. En þetta kveld ætlum vér öll að mæta og skemmta oss, happadrætti, gleði og gaman, spennandi heiðursgestur í bullandi baráttu, já Hafnfirskir veiðimenn, þetta er kvöldið okkar og látum það ekki fram hjá okkur



fara...

Veiðikveðjur;
Hans Ólason



Frá Hlíðarvatni, núna í lok mars.

Nú stendur yfir **hnýtingarkeppni LS (Landssambands Stangaveiðifélaga)** og Veiðihornsins, **Leynivopnið 2005**.

Félagar SVH eru eindregið hvattir til að taka þátt í þessari keppni.

Upplýsingar má nálgast í Veiðihorninu, eða á vef Veiðihornisins www.veidihornid.is

Athugið, að búið er að breyta skilafrestinum fram í byrjun maí og verðlaunaafhending fer fram seinnipart maí mánaðar.



Frá Stjórninni

Hlíðarvatn & Djúpavatn

ATH - ATH - ATH

Breyttur veiðitími

Framvegis verður komið í hús kl. **18:00** að kvöldi fyrir skráðan veiðidag en ekki kl. 20:00 eins og áður.

Húsinu skal svo skila kl. 18:00 á skráðum veiðidegi, vel þrifnu og í góðu standi.


- Hreinsunarhelgin í Hlíðarvatni -

Nú mæta allir í "Hreinsun við Hlíðarvatn" laugardaginn **23. og sunnudaginn 24. apríl næst komandi.**

Allir félagsmenn eru hvattir til að koma og gera klárt við Hlíð og umhverfis Hlíðarvatn. Sérstaklega vantar vaskar hendur við að



leggja nýja vatnslögn heim að húsi. Síðan geta menn tekið léttar kastæfingar með flugustönginni á eftir.



Uppskriftin

Lax með rauðlauksmauki (Silungurinn er gjaldgengur líka)

5 stk meðalstórir rauðlaukar
2 msk ólífuolía
4 stk laxasneiðar
2 msk smjör
salt & pipar
1/2 dl rauðvín
1 3/4 dl rauðvínsedik
1/2 dl grenadine
1/2 dl sólberjalíkjör eða sólberjasaft



1. Sneiðið rauðlaukinn.
2. Hreinsið og þurrkið laxastykkinn. Nuddið með olíu, saltið og piprið.
3. Búið til mauk með því að bræða smjör á pönnu og lina rauðlaukinn í því, bætið úti í grenadine, rauðvíni, rauðvínsedik og sólberasafanum/líkjörnum. Látið malla á lágum hita þar til vökvinn er soðinn niður og þetta er orðið að mauki.
4. Kryddið með salti og pipar ef þurfa þykir.
5. Penslið laxastykkinn aftur með olíu og steikið í u.þ.b. 4 mínútur á hvorri hlið.

Skiptið rauðlauksmaukinu á fjóra diska, setjið laxastykkinn á hvern disk. Berið fram með kartöflum eða hrísgrjónum og fersku salati.

Samkomusalur félagsins

Hægt er að fá hinn glæsilega sal félagsins leigðan. Hann er mjög heppilegur fyrir smærri veislur og samkvæmi með sæti fyrir allt að 70 manns.

Sigríður - hs: 565-3602

GSM: 892-3037

Ármann - vs: 565-4060



Ritstjórinn

Ágætu félagar;

Orðið er laust !!

Jæja ... nú er kominn apríl mánuður og fréttabréf númer tvö að taka á sig mynd.

Ég vona að undirritaður sé á réttreið með fréttabréfið að ykkar dómi; Hvernig væri að senda mér skammarbréf ef þið teljið þetta ekki eins og vera ber? ja eða hrós ef svo vel ber við að þið séuð ánægð með þetta, a.m.k. væri stórsnjallt að fá smá viðbrögð svona í upphafi ritstjórnar. Ég vil einnig opna fyrir lið í blaðið sem væru "Opin bréf frá lesendum".

Hvernig líst mönnum á slíka hugmynd? Eru einhverjir sem vilja tjá sig og koma efni á framfæri? Þið getið sent mér línu á netfangið webmaster@svh.is eða gaukað því að mér í riti. Mér finnst um að gera að leyfa veiðimönnum að tjá sig ef þeir óska.

"Netaveiðar"

Nú um daginn þegar ég var að hreinsa og bóna flugulínurnar var mér hugsað til þess gífurlega sterka miðils sem internetið er orðið fyrir veiðimenn og já reyndar alla sem vilja nýta sér hann. Mér var einnig hugsað til orða Ármanns Sigurðssonar á aðalfundinum, þar sem hann benti á að ekki myndu líða mörg ár þar til fundurinn færi alfarið fram á "netinu". Hvað eru mörg ár þar til við hættum að prenta Agnið og sendum/ afhendum rafrænt? Ábyggilega ekki svo

mörg ár.

Eftir þessar hugleiðingar fór ég á "netið" til að athuga fjölda t.d. innlendra veiðivefja sem ég heimsæki reglulega,

fjöldinn kom mér á óvart 25 stk. Þar er bæði um að ræða fréttir, upplýsingar og heimasíður stangaveiðifélaga. Síðan eru það þessir erlendu, ja ég lagði nú ekki í að telja þá. En hvað er hægt að nálgast á þessum vefjum? Ja allt milli himins og jarðar sem skiptir máli fyrir veiðimenn. Upplýsingar um **flugulínur** og umhirðu þeirra, bæði á innlendu

og erlendu vefjunum. **Veiðihjólin**, það er einnig hægt að finna allt um þau á netinu, bara vita hvar á að leita og þá er hægt að finna það sem vantar. **Fluguuppskriftir**, það er það sama, hægt að finna bæði myndir og uppskriftir af öllum "þekktu" flugunum svo ýmislegt sem menn hafa sett saman og prófað, með misjöfnum árangri að sjálfsögðu. Einnig hef ég rekist á ansi góða vefi þar sem fram fer kennsla í **fluguhnýtingum**. Oft eru þetta áhugamenn sem vilja deila því sem þeir kunna með öðrum, frítt. Viljirðu **versla** veiðibúnað á netinu ... ég held að ég fari ekki út í þá sálma hér heldur setji saman greinapistla í blaðið sem verða tileinkaðir "**netaveiðum**".


Góðar stundir;

Ævar



Heimasíða Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar

www.svh.is



Efni, ábendingar & annað slíkt sendist á:
webmaster@svh.is eða stjorn@svh.is

Veiðisögur

Smá kvennaveiði úr Norðurárdalnum 2004

Við tvær systur skelltum okkur í veiði á svokallaðann Flóðatanga síðastliðið sumar. Við byrjuðum á efsta veiðisvæðinu rétt við einn bóndabæinn. Gengum við niður að rafmagnsgirðingu, en fyrir innan hana stóðu um 20 beljur tveggja til þriggja ára gamlar ósköp sætar að sjá. Við ætluðum að sneiða framhjá hópnum. En þær stóðu bara fastar fyrir og bauluðu, ekkert dugði að reyna að stugga við þeim á nokkurn hátt. Ein setti niður hausinn og krafaði í jörðina eins og hún ætlaði í okkur. Við urðum að sjálfsögðu svolítið skelkaðar en náðum þó að ganga til hliðar við þær með því að fara yfir skurð, ekki djúpan þó. Kusurnar fylgdust með hverju fót máli okkar og eltu okkur að ánni og ætluðu greinilega að fylgjast með veiðiskap okkar. Líður nú tíminn og ekki veiddist nú neitt þarna en rétt þegar við höfðum okkur af stað til baka heyrðum við mikinn hófadyn þannig að titraði jörðin. (Minnti mann á

cowboy myndirnar). Kom ekki hjörðin öll á harða spretti meðfram bakkanum svo að systir harðneitaði að hreyfa sig og beygði sig undir bakkanum svo kusurnar sæu hana ekki. Var næstum dottin út í ána og bannaði mér að kalla til sín svo þær heyrðu ekki í okkur. En allt kom fyrir ekki, þær stilltu sér aftur í gönguleiðina að bílum og voru í miklum ham. Við urðum að læðast til baka og mikið titruðum við af spennunni við að ganga framhjá þeim. Fórum að bænum og við það kom bóndinn út og sá fékk skammirnar fyrir að láta kolvitlausan búfénað vera á veiðisvæði.

Ekki hélt ég að ég ætti nokkurn tíma eftir að verða hrædd við beljur en úff þetta var nú einum og mikið. Að sjálfsögðu settumst við inn í bílinn fengum okkur kaffi litum á hvor aðra og skellihlógum að öllu saman.

Vilborg R.

“Gamlar” leiðbeiningar

Úr Veiðimanninum 1948

Smyrja línuna vel.

Mikil línufeiti er ekki til góðs, en það er áriðandi að nudda feitinni vel inn í línuna. Vertu ekki að nota tusku eða neinar annarlegar kúnstir.

Notaðu bera gómana, ekkert er á við þá. Berðu á línuna þegar hlýtt er, eða þar sem hlýtt er, svo að feitin gangi betur inn í hana. Ef þú ert kominn á það stig, að þér finnst sóðalegt að “gumsast” í feitinni með fingrunum, þá ættirðu að hætta veiðum og aldrei láta heiðarlegan fisk sjá framan í þig oftar.

Reynið grönnu girnin.

Mörgum óvönum fluguveiðimanni hættir til að vanmeta grönna girni og eyðir því óþarflega miklum tíma í að þreyta fisk. Ef þú ert hræddur við að slíta, þá skaltu reyna girnið, sem þú notar, svo að þú vitir hvað það þolir. Láttu félaga þinn taka í endann á því og ganga nokkurn spöl í burtu. Svo lyftir þú stönginni og þið takizt á, eins og þú værir að þreyta hann. Eftir þessa tilraun ættir þú að vita hvað þú mátt bjóða “girninu”.



Gamalt & Gott

Hér eru ýmsar vísur teknar úr gestabókum hússins okkar við Hlíðarvatn

1977

Að iðka hér veiði er engum í hag,
og ánægju litla þær veita.
Þótt lemjum við vatnið liðlangan dag
að launum er gigtin og þreyta.

En hérna er friðsælt, og húsið er gott
svo höfðingjar gætu hér búið.
Innbúið ágætt og áhöldin flott
með ánægju kveðjum og flúið.

"bráinn"

1978

Norðan rok úr öllum áttum
enda vatnið freyðandi.
Snemma hjörtum hér ná háttum
held ég þar af leiðandi.

Þrjóskan er ein af æðstu eðaldyggðum
okkar Íslendinga.
En ætli finnst ekkert "meðal" við
veiðigleði Hafnfirðinga

Kristján J.

1-3 júní 1994

Kristján eins og könguló
kom í skálann góða.
Þóttist sjá hér skit og ló
og kallaði okkur sóða.

Veiðileysi veikir geð
vont er það að hemja
þó ekki hafir silung séð
"Stjáni hættu að emja".

Högni B.

7. sept. 1994

Gengið snauða sumpart er,
sárt um eigin belgi.
Þó ekki glóðu gólfín hér
gastu sópað "Helgi"

Kristján G.

22. maí 1993

Er mér þrotinn allur kraftur
eftir dagsins þæfingar.
Vatnið kallar enn og aftur
illa gott í kastæfingar.

í orðastað Árna Reydal



RAFGEYMASALAN
Dalshrauni 17
sími 565 4060

Djúpavatn

Vinnuhelgi verður í Djúpavatni 21. og 22. maí.

Fyrir liggur að skipta um þakjárn og klára útigrillið.

Vinnufúsar hendur óskast.

"Velunnarar" Djúpavatns fjölmenni.

Kaffi á könnunni .. og eitthvað meðlæti.

Sjáumst - Nefndin

Unglingastarfið



“Unglingarnir” mættir á Opið Hús til að læra af “Öldungunum”
eða eru “Öldungarnir” að læra af “Unglingunum”?

Framundan í Unglingastarfinu:

Laugardagur - 23. apríl - 07:30 - 19:00 - Hreinsunarferð í Hlíðarvatn og svo smá veiði á eftir

Priðjudagur - 26. apríl - 19:30 - 21:30 - Hnýtingar

Breyting á ferðinni í Djúpavatn:

Líklegt er að ekki verði orðið almennilega fært að vatninu á þeim tíma sem upphaflega var reiknað með að fara. Reiknað var með að fara á Uppstigningardag eins og við höfum gert síðastliðin tvö ár. Nú er það of snemmt. **Við förum fyrstu helgina í september, nánar tiltekið 3. sept., farið seinnipart 2. sept.**

Þið ykkar sem eruð með unglunga hjá okkur eruð beðin um að láta þá vita.

Kveðja;

Maggi og Evu



Til að fá nánari upplýsingar um starfsemi Unglingadeildar Stangaveiðfélags
Hafnarfjarðar er bent á að senda tölvupóst á:
flugan@isl.is eða **magoo@internet.is**

meiri þjónusta ...

www.sjova.is

**Þú færð meiri vernd, þú færð
meiri fríðindi og þú færð meiri
þjónustu ef þú ert í Stofni.**



Stofn – fáðu meira

**Auk hagstæðra kjara á iðgjöldum
standa þér til boða ýmis önnur fríðindi:**

- 10% endurgreiðsla af iðgjöldum ef þú ert tjónlaus.
- Barnabílstólar til leigu eða kaupa á sérlega góðum kjörum.
- Frí flutningstrygging fyrir búslóð í flutningi innanlands.
- Allt að 20% líftryggingarauki án endurgjalds.
- Sérlega hagstæð kjör á bílalanum.

Tjónavakt

Viðskiptavinir Sjóvá hafa aðgang að tjónavakt allan sólarhringinn í síma **800 7112** verði þeir fyrir stórfelldu eignatjóni.



SJÓVÁ

Njóttu lífsins – áhyggjulaus

Vetrarstarfið

.... jú þessir þrír hafa nýlega verið með frábærar kynningar á opnu húsi ...



Ingimundur J. Bergsson, aðal hvatamaður að **Veiðikortinu** kom og kynnti kortið og vötnin fyrir okkur.

Eiríkur St. Eiríksson höfundur **Stangaveiðihandbókanna** kom og kynnti bækurnar ásamt þeirri næstu sem kemur út.



Stefán Jón Hafstein höfundur og ritstjóri **www.flugur.is** kom og kynnti fyrir okkur þennan frábæra upplýsingavef um fluguveiði.



MÓTAMENN

ALHLÍÐA BYGGINGAVERKTAKAR

motamenn@motamenn.com

Lokahófið

“Kvöldið fyrir Sumardaginn Fyrsta”

Staðurinn: Flatahraun 29

Dagurinn: 20. apríl

Tíminn: 20:00

Mæting: Skylda

Að sjálfsgöðu verður
happadrættið á sinum
stað, barinn verður

opnaður og við fáum frábæran gest
“Stórrurriðann” Össur Skarphéðinsson



Annað: Boðnar verða til sölu, á vægu
verði, vandaðar derhúfur með merki
félagsins.

Félagsmenn þetta er kvöldið ykkar,
þannig að nú þýðir ekkert að sitja
heima

ÞAÐ MÆTA ALLIR



Sérfræðingar í fluguveiði

**Mælum stangir,
splæsum línur
og setjum upp.**

**Sportvörugerðin hf.,
Skiopholt 5, s. 562 8383.**